

## Litlibær í Skötufirði



*Litlibær í Skötufirði. GLH 2004.*

Byggingarár: 1896.

Hönnuður: Ókunnur.

Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1999.<sup>1</sup>

Litlibær er einlyft timburhús með steinhlöðnum veggjum við suður- og norðurhlið, 8,60 m að lengd og 10,70 m á breidd. Portbyggt risþak er á suðurhluta hússins, en skúrþak á norðurhlutanum sem er tæpum þremur metrum styttri en suðurhlutinn. Torfþak er á báðum hlutum hússins. Austur- og vesturhliðar hússins eru klæddir listapili og frá þeim gengið með vatnsbrettum að neðan og vindskeiðum að ofan. Jörð nær upp undir glugga á vesturhlið. Á hvorum stafni er póstagluggi með tveimur þriggja rúðu römmum, einn á suðurhlið, einn á hvorri skúrhlíð auk tveggja rúðu glugga á vesturhlið og á hvorri gaflhyrnu er einn fjögurra rúðu krosspóstagluggi. Útidyr eru á austurhlið skúrs.

Í skúrnum er forstofa inn af útidyrum og snyrting inn af og eldhús að norðanverðu. Gangur er í miðjum suðurhluta hússins og stigi upp á loft. Stofa er við gafl hvorum megin og herbergi uppi.

Frágangi hússins að innan er ólokið (2007).





*Litlibær í Skötufirði. GLH 2004.*



*Litlibær í Skötufirði. GLH 2004.*